



Hrefna Katrín Svavarsdóttir

Hólavegur 81
580 Siglufjörður

Fjallabyggð, 25. apríl 2022
Nr. erindis 2204048 / GSG

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 738. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 22. apríl 2022.

Trúnaðarmál - erindi til bæjarráðs

Eftirfarandi var bókað:

Lagt fram erindi Hrefnu K. Svavarsdóttur dags. 12. apríl 2022, er varðar ósk hennar um sundurliðaðar upplýsingar um heildarkostnað sveitafélagsins vegna málarekstur í máli nr. E 3321/2020. Einnig eru lögð fram samskipti bæjarstjóra við lögmann sveitarfélagsins vegna óskar um upplýsingar, af þeim samskiptum er ljóst að sveitarfélaginu ber ekki skylda til að afhenda umbeðnar upplýsingar með vísan til 3. tl. 6. gr. upplýsingalaga nr.140/2012.

Bæjarráð felur deildarstjóra stjórnsýslu- og fjármála að hafna ósk um upplýsingar, svar um höfnum skal byggt á upplýsingum sem fram koma í samskiptum bæjarstjóra og lögmanns sveitarfélagsins.

Í 6. grein Upplýsingalaga, 3. tölulið segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum tekur ekki til bréfaskipta við sérfróða aðila í tengslum við réttarágreiningu eða til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Vakin er athygli á að teljir þú ofangreinda ákvörðun og þá málsmeðferð sem hún byggir á brjóta í bága við upplýsingalög er hægt að kæra hana til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar


Guðrún Sif Guðbrandsdóttir
Deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála



Fjallabyggð
Deildarstjóri
stjórnsýslu- og
fjármála